

Staðfesting óháðs endurskoðanda

Til stjórnenda og hagsmunaaðila HS Veitna hf.

Við vorum ráðin af HS Veitum hf. til að veita álit með takmarkaðri vissu á úthlutun fjármagns til verkefna eins og fram kemur í Framvinduskýrslu Grænna skuldabréfa 2023 ("skýrslunni"). Úthlutunin fer eftir Grænum fjármögnunarramma félagsins (Green Financing Framework) frá september 2022.

Umfang

Verkefni okkar fólst í að meta hvort að úthlutaðir fjármunir sem notaðir voru til að fjármagna fjárfestingar ársins 2023 og þau áhrif sem fram koma í samantektartöflu yfir fjárfestingar ársins 2023 á blaðsíðu 10 í skýrslunni uppfylli skilyrði græns fjármögnunarramma félagsins.

Niðurstaða okkar er sett fram með álit með takmarkaðri vissu.

Ábyrgð stjórnenda

Stjórnendur HS Veitna hf. eru ábyrg fyrir söfnun, greiningu, gerð og framsetningu upplýsinganna sem settar eru fram í skýrslunni, og að tryggja að upplýsingarnar séu án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Óhæði og gæðaeftirlit

Við höfum uppfyllt kröfur um óhæði og önnur ákvæði siðareglna í samræmi við alþjóðlegar siðareglur (IESBA Code), sem byggðar eru á grundvallarreglum um heilindi, hlutlægni, faglega hæfni og varkárni, trúnað og faglega hegðun.

Deloitte ehf. lýtur alþjóðlegum staðli um gæðakerfi (e. International Standard on Quality Management (ISQM) 1 og hefur í samræmi við það innleitt umfangsmikið gæðaeftirlitskerfi, þar á meðal skráðar stefnur og verkferla varðandi fylgni við óhæðis- og siðakröfur faglega staðla og viðeigandi kröfur laga og reglna.

Ábyrgð óháðs endurskoðanda

Ábyrgð okkar er að láta í ljós álit með takmarkaðri vissu á úthlutun fjármuna byggða á grænum fjármögnunarramma félagsins, birta í skýrslunni. Við höfum framkvæmt vinnu okkar í samræmi við staðalinn ISAE 3000 (revised), Assurance Engagements Other than Audits or Reviews of Historical Financial Information, til að afla okkur takmarkaðrar vissu um álit okkar. Í samræmi við staðalinn höfum við skipulagt og framkvæmt vinnu okkar til að afla takmarkaðrar vissu á því að upplýsingar um úthlutun og áhrif í skýrslunni séu án verulegrar skekkju.

Staðfestingarverkefni með álit með takmarkaðri vissu (e. limited assurance) er minna að umfangi en staðfestingarverkefni með nægilegri vissu (e. reasonable assurance). Af því leiðir að staðfesting sem fæst er minni en væri í verkefni með nægilegri vissu. Með hliðsjón af mati á verulegum skekkjum, skipulögðum við og framkvæmdum vinnu okkar til að afla allra upplýsinga og skýringa sem nauðsynlegar eru til að styðja við álit okkar.

Við framkvæmdum skoðanir á gögnum, endurreikning gagna, yfirferð á aðferðum sem notaðar eru til að útbúa upplýsingarnar, sem og tókum viðtöl við þá aðila sem eru ábyrgir fyrir því að útbúa gögnin. Við beittum fyrirspurnum varðandi verklag og aðferð við að tryggja að úthlutun grænna fjármuna sé í samræmi við fjármögnunarramma félagsins auk þess að upplýsingarnar sem greint er frá í undirliggjandi gögn.

Álit

Byggt á þeim aðgerðum sem við höfum framkvæmt og þeirra gagna sem við höfum aflað, hefur ekkert komið í ljós sem bendir til annars en að úthlutun fjármuna og áhrif sem koma fram í skýrslunni, sé í samræmi við skilyrði sem fram koma í Grænum fjármögnunarramma félagsins.

Kópavogur 20. maí 2025.

Deloitte ehf.


Kristján Þor Ragnarsson

Löggiltur endurskoðandi